



Skóla- og frístundaráð  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 16. janúar 2026

MSS26010082

ívs

Á fundi borgarstjórnar þann 13. janúar 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins:

1. Greiðslur til fjölskyldna vegna fáiðunar: Fjölskyldum sem verða fyrir skerðingu á leikskóladvöl barna sinna vegna fáiðunaraðgerða í leikskólum verði greitt heim frá Reykjavíkurborg. Í þeim leikskólum þar sem gripið hefur verið til fáiðunaráætlunar vegna manneklu skulu foreldrar fá greiðslur frá borginni til að mæta því tekjutapi sem skerðing á vistun veldur. Greiðslur nemi 20.000 krónum á barn fyrir hvern dag sem fáiðun stendur yfir. 2. Samstarf við menntastofnanir um fjölgun leikskólastarfsfólks: Reykjavíkurborg óski eftir samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og framhaldsskóla sem bjóða upp á nám til leikskólaliða, með það að markmiði að fjölga leikskólastarfsfólki. Skoða þarf hvort Reykjavíkurborg geti orðið að liði þegar kemur að því að fjölga starfsfólki leikskóla. 3. Samtal við menntastofnanir um vinnu með námi: Reykjavíkurborg hefji formlegt samtal við framangreinda skóla um hvernig borgin geti stuðlað að fjölgun nema. Skoðað verði sérstaklega hvort skipuleggja megi kennslu í leikskólakennslufræði og námi til leikskólaliða með þeim hætti að nemendur geti samhliða námi starfað í hlutastarfi á leikskólum borgarinnar. 4. Fjölgun sumarstarfsfólks vinnuskólans í leikskólum: Stöðugildum í sumarstörfum á vegum Vinnuskóla Reykjavíkurborgar í leikskólum verði fjölgað til að kynna fleiri ungmennum leikskóla sem mögulegan starfsstað til framtíðar.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Fyrsti töluliður tillögunnar var felldur með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn fjórum atkvæðum borgarfulltrúa Framsóknarflokksins.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Viðreisnar sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Samþykkt að vísa öðrum tölulið tillögunnar til skóla- og frístundaráðs.

Samþykkt að vísa þriðja tölulið tillögunnar til skóla- og frístundaráðs.

Samþykkt að vísa fjórða tölulið tillögunnar til umhverfis- og skipulagsráðs.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Framsókn harmar að meirihlutinn skuli ekki vilja styðja foreldra með greiðslum vegna fáiðunar en fagnar þó að ákveðið var að vísa aðgerðum 2, 3 og 4 áfram til frekari vinnslu í fagraðum borgarinnar. Fjölgun starfsfólks í leikskólum er lykilverkefni borgarstjórnar. Brýnt er leita allra leiða til að fjölga starfsfólki í leikskólum og að ráðast í aðgerðir til að bæta starfsaðstæður í leikskólum. Í



Reykjavík



leikskólum borgarinnar hefur verið gripið til svokallaðra faliðunaraðgerða til að mæta viðvarandi manneklu en þær eru verulega íþyngjandi fyrir þær fjölskyldur sem lenda í viðvarandi faliðunaraðgerðum. Á leikskólanum Funaborg er t.a.m. gert ráð fyrir að börn þurfi að vera heima í 32 daga á vorönn 2026. Ofan á það kemur 20 daga sumarfrí en hinn hefðbundni launþegi á rétt á 25-30 daga leyfi á ári. Það er íþyngjandi fyrir þær fjölskyldur og því er leitt að meirihlutinn sé ekki tilbúinn til þess að mæta foreldrum sem lenda í faliðun á meðan unnið er að því að ráða starfsfólk í leikskóla borgarinnar.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Framsóknarflokkurinn leggur til fjórar tillögur sem hann telur að geti bætt mönnum og unnið gegn faliðun í leikskólum Reykjavíkur. Þrjár tillögur eru góðra gjalda verðar og snúa í raun að verkefnum sem þegar eru í gangi og hafa gefist vel en það er alltaf gott að taka stöðuna á þeim og sjá hvort gera megi betur eða öðruvísi. Þetta eru tillögur sem ganga út á að nemendur geti með námi sínu unnið hlutastörf í leikskólum, að fjölgað sé sumarstörfum á vegum Vinnuskólans og að farið sé í samstarf við háskóla og framhaldsskóla um að fjölga leikskólakennurum og leikskólaliðum. Þessum þremur tillögum er vísað til umsagnar og meðferðar í tveimur fagráðum sem fara með málaflökkinn. Tillaga um greiðslur til fjölskyldna vegna faliðunar er hins vegar vanhugsuð, óútfærð og afar kostnaðarsöm og ekki verður séð að sú tillaga geti skapað stöðugleika eða fjölgun starfsfólks í leikskólum.

Dís Sigurgeirsdóttir  
e.u.

Hjálagt:  
Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins

## Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um aðgerðir til að bregðast við fáliðun í leikskólum Reykjavíkurborgar

### 1. Greiðslur til fjölskyldna vegna fáliðunar

Fjölskyldum sem verða fyrir skerðingu á leikskóladvöl barna sinna vegna fáliðunaraðgerða í leikskólum verði greitt heim frá Reykjavíkurborg. Í þeim leikskólum þar sem gripið hefur verið til fáliðunaráætlunar vegna manneklu skulu foreldrar fá greiðslur frá borginni til að mæta því tekjutapi sem skerðing á vistun veldur. Greiðslur nemi 20.000 krónum á barn fyrir hvern dag sem fáliðun stendur yfir.

### 2. Samstarf við menntastofnanir um fjölgun leikskólastarfsfólks

Reykjavíkurborg óski eftir til samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og framhaldsskóla sem bjóða upp á nám til leikskólaliða, með það að markmiði að fjölga leikskólastarfsfólki. Skoða þarf hvort Reykjavíkurborg geti orðið að liði þegar kemur að því að fjölga starfsfólki í leikskóla.

### 3. Samtal við menntastofnanir um vinnu með námi

Reykjavíkurborg hefji formlegt samtal við framangreinda skóla um hvernig borgin geti stuðlað að fjölgun nema. Skoðað verði sérstaklega hvort skipuleggja megi kennslu í leikskólakennslufræði og námi til leikskólaliða með þeim hætti að nemendur geti samhliða námi starfað í hlutastarfi í leikskólum borgarinnar.

### 4. Fjölgun sumarstarfsfólks vinnuskólans í leikskólum

Stöðugildum í sumarstörfum á vegum Vinnuskóla Reykjavíkurborgar í leikskólum verði fjölgað til að kynna fleiri ungmennum leikskóla sem mögulegan framtíðarstarfsstað.

## Greinargerð

Undanfarin ár hefur Reykjavíkurborg glímt við viðvarandi manneklu í leikskólum, sem leitt hefur til þess að gripið hefur verið til svokallaðra fáliðunaraðgerða. Slíkar aðgerðir fela oft í sér skerðingu á leikskóladvöl barna, lokanir á hluta dags eða fækkun vistunardaga. Afleiðingin er verulegt óhagræði fyrir barnafjölskyldur, sem þurfa að bregðast við skertum vistunartíma með stuttum fyrirvara og oft á kostnað tekna eða atvinnuþátttöku.

Fáliðunaraðgerðir skapa jafnframt ójafnræði milli barna eftir því hvort leikskólar þeirra eru fullmannaðir eða ekki. Börn og fjölskyldur í leikskólum sem glíma við manneklu njóta ekki sömu þjónustu og aðrir, þrátt fyrir að réttur barna til leikskólavistar sé sá sami óháð staðsetningu. Nauðsynlegt er að bregðast við þessu ójafnræði með markvissum aðgerðum, bæði til skamms tíma og til lengri tíma litið.

Í tillögunni er lagt til að fjölskyldum sem verða fyrir skerðingu á leikskóladvöl vegna fáliðunaraðgerða fái greiðslur heim frá Reykjavíkurborg. Greiðslurnar nemi 20.000 krónum fyrir hvern dag sem fáliðun stendur yfir og eru ætlaðar til að bæta foreldrum það tekjutap sem skerðing vistunar getur haft í för með sér. Þegar leikskóli er ekki fullmannaður situr eftir fjármagn sem annars hefði farið í laun starfsmanna, og má nýta það fjármagn til að létta undir með foreldrum. Greiðslurnar skapa jafnframt hvata fyrir borgina til að finna varanlegar lausnir

á mönnunarvandanum. Þegar tekin er ákvörðun um ráðast í faliðunaraðgerð verði kostnaðurinn af því fyrir borgina metinn sérstaklega út frá umræddum greiðslum. Markmið greiðslanna er að létta undir með barnafjölskyldum sem ekki geta nýtt fulla leikskóladvöl vegna manneklu í sínum leikskóla. Faliðunaraðgerðir leiða til ójafnræðis í aðgengi barna að leikskólavist eftir því hvort leikskólar eru fullmannaðir eða ekki. Þar sem leikskóli er ekki fullmannaður situr eftir fjármagn sem annars hefði farið í laun starfsmanna. Það fjármagn má nýta til að bæta foreldrum upp það tjón sem skerðingin veldur. Greiðslurnar skapa jafnframt hvata fyrir borgina til að finna varanlegri og betri lausnir á mönnunarvandanum.

Jafnframt er lögð áhersla á að styrkja aðgerðir sem stuðla að fjölgun leikskólastarfsfólks til framtíðar. Lagt er til að Reykjavíkurborg leiti samstarfs við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og framhaldsskóla sem bjóða upp á nám til leikskólaliða. Markmiðið er að auka aðsókn að námi og tryggja betri tengingu milli náms og starfs í leikskólum.

Í því samhengi er lagt til að borgin hefji formlegt samtal við þessar menntastofnanir um möguleika á að skipuleggja kennslu þannig að nemendur geti samhliða námi unnið hlutastarf í leikskólum borgarinnar. Slíkt fyrirkomulag getur auðveldað nemendum að stunda nám, aukið starfsreynslu þeirra og styrkt tengsl þeirra við leikskólastarf frá upphafi náms.

Að lokum er lagt til að stöðugildum í sumarstörfum á vegum Vinnuskóla Reykjavíkurborgar í leikskólum verði fjölgað. Með því gefst tækifæri til að kynna fleiri ungmönnum leikskóla sem mögulegan framtíðarstarfsstað. Reynslan af sumarstörfum í leikskólum sýnir að slík störf geta haft jákvæð áhrif á starfsval ungmenna og leitt til þess að fleiri velji leikskóla sem framtíðarvinnustað. Með aukinni þátttöku Vinnuskólans má þannig styrkja langtímalausnir á mönnunarvanda leikskóla borgarinnar. Þessi leið er mikilvæg til að byggja upp mannauð leikskóla til lengri tíma og styrkja sjálfbærni þjónustunnar

Með samþykkt tillögunnar er stigið mikilvægt skref í átt að því að draga úr neikvæðum áhrifum manneklu á barnafjölskyldur, tryggja meira jafnræði í aðgengi að leikskóladvöl og byggja upp sterkari og sjálfbærari leikskólastarfsemi í Reykjavíkurborg til framtíðar.